

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hafnarsvæðis 5, Búðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Búðahrepps þann 4. apríl 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hafnarsvæðis 5, Búðahreppi, dagsetta 22. febrúar 2002. Gerðar breytingar felast m.a. í stækkun lóðar nr. 1 ásamt stækkun byggingareits auk kvaða. Hafnargata færist lítillega að hluta.

Uppdráttur og skilmálar hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemd við að auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 14. október 1997.

Fáskrúðsfirði, 19. apríl 2002.

F.h. Búðahrepps,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.